



Samþykkt fyrir öldungaráð Akraness

1. gr.

Öldungaráð starfar í umboði bæjarstjórnar með þeim hætti sem nánar er kveðið á um í samþykkt þessari, samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar og eftir því sem lög mæla fyrir um.

Hlutverk og markmið

2. gr.

Öldungaráð skal vera bæjarstjórn, nefndum og ráðum Akranesskaupstaðar til ráðgjafar um öll málefni og hagsmuni þeirra bæjarbúa sem eru 67 ára og eldri.

Það skal afla upplýsinga um málefni aldraðra og miðla þeim eftir þörfum, leggja fram tillögur þar sem úrbóta er þörf og vera í samstarfi við hlutaðeigandi nefndir og ráð í stefnumótun í málaflokknum. Öldungaráð fjallar ekki um málefni einstaklinga. Ráðið er ekki framkvæmdaaðili.

Skipan

3. gr.

Í öldungaráði skulu sitja þrír fulltrúar kosnir af bæjarstjórn að loknum

bæjarstjórnarkosningum, og einn til vara. Þrír fulltrúar skulu kosnir af Félagi eldri borgara á Akranesi og nágrenni og einn til vara og þurfa fulltrúarnir ekki að vera félagsbundnir félaginu. Heilbrigðisstofnun Vesturlands tilnefnir einn fulltrúa.

Bæjarstjórn tilnefnir formann ráðsins en ráðið kýs sér varaformann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Kjörtímabil ráðsins er hið sama og bæjarstjórnar.

Við kosningu í ráðið skal gætt að kynjahlutföllum og aldursdreifingu.

Fulltrúi velferðar- og mannréttindasviðs skal sitja fundi ráðsins, sbr. 4. grein og hefur málfrelsi og tillögurétt.

Verkstjórn og verkaskipting

4. gr.

Formaður öldungaráðs er í forsvari fyrir ráðið og kemur fram fyrir hönd þess og veitir ásamt með öðrum fulltrúum í ráðinu, ráðgjöf við mótaða stefnu í málaflokknum.

Velferðar- og mannréttindasvið sér öldungaráði fyrir starfsmanni, sem sér um fundarritun ber ábyrgð á framkvæmd ákvarðana ráðsins, rekstri þess og stjórnsýslu.

Boðun funda og fundarsköp

5. gr.

Öldungaráðið skal að minnsta kosti halda fund ársfjórðungslega auk opins fundar árlega með Félagi eldri borgara á Akranesi og nágrenni. Formaður getur boðað til aukafundar eftir þörfum. Fella má niður fundi að sumarlagi.

Formaður öldungaráðs boðar til funda og ákveður dagskrá í samráði við starfsmann ráðsins og stýrir fundum þess. Á dagskrá skulu m.a. tekin fyrir mál sem fulltrúar í ráðinu hafa óskað eftir að tekin séu fyrir enda séu þau á verksviði ráðsins. Heimilt er að taka mál til meðferðar í ráðinu þótt ekki sé það tilgreint í útsendri dagskrá, en skylt er þá að fresta afgreiðslu þess til





næsta fundar sé þess óskað. Fundir skulu boðaðir með a.m.k. viku fyrirvara og skal dagskrá fylgja fundarboði. Rafræn boðun fundar og útsending fundargagna telst fullgild boðun.

Um fundarsköp fer eftir bæjarmálasamþykkt eftir því sem við á. Ráðið er ályktunarhæft þegar minnst tveir þriðju meðlima ráðsins eru mættir á rétt boðaðan fund. Við allar atkvæðagreiðslur nægir einfaldur meirihluti. Öldungaráðið skal að öllu jöfnu svara erindum, þar sem óskað er umsagnar, innan tveggja vikna frá því að erindi berst.

Öldungaráð getur boðað til fundar einstaka starfsmenn Akraneskaupstaðar sem og aðra þá sem það telur þörf á hverju sinni.

Fundarskipulag og ritun fundargerða

6. gr.

Öldungaráðsfundur skal að jafnaði haldinn fyrir luktum dyrum og er þá óheimilt að greina opinberlega frá ummælum sem fram koma hjá einstökum fundarmönnum.

Öldungaráð skal halda gerðabók og senda eftirrit fundargerða til bæjarráðs jafnóðum

Málsmeðferð

7. gr.

Við undirbúning mála skal þess gætt að farið sé að stjórnsýslulögum og verklagsreglum um stjórnsýsluna.

Um fulltrúa öldungaráðs gildir samþykkt bærarstjórnar um siðareglur kjörinna fulltrúa hjá Akraneskaupstað.

Um hæfi kjörinna fulltrúa og starfsmanna vísast að öðru leyti til bæjarmálasamþykktar.

Gildistaka

8. gr.

Þannig samþykkt í bærarstjórn Akraness hinn 22 maí 2018 og tekur gildi að loknum næstu bærarstjórnarkosningum.

Samþykkt í bæjarráði Akraness þann 18. maí 2018.

Samþykkt í bærarstjórn Akraness þann 22. maí 2018.

Sævar Freyr Þráinsson

bærarstjóri

